



ÁRSSKÝRSLA KSÍ 2018

SKÝRSLA STJÓRNAR




ICELANDAIR



vodafone





VERUM FRAMSÆKIN



Síðastliðið ár hefur verið viðburðaríkt fyrir íslenska knattspyrnu. Árangur okkar hefur vakið heimsathygli enn á ný, en það fær okkur líka til þess að hugsa um hvað skiptir máli þegar við sjálf metum árangurinn.

Árangur landsliða okkar er ekki sjálfsprottinn. Hann byggir á grunni öflugs grasrótar- og uppbyggingarstarfs félaganna í landinu. Þegar við gerðum jafntefli við Argentínu á stærsta sviði knattspyrnunnar á HM í Rússlandi var það „sigur“ alls þess starfs sem unnið hefur verið í svo mörg ár og áratugi af óteljandi sjálfboðaliðum, þjálfurum og leikmönnum. Höfum það í huga, verum stolt af því og látum það hvetja okkur áfram. Verum framsækin!

Það er með þetta mikla starf í huga sem við höfum m.a. farið í stefnumótun og skipulagsvinnu með starfsemi KSÍ. Við viljum bæta það sem þegar virkar vel og styrkja starfsemina, aðildarfélögunum og fótboltanum okkar til heilla. Við erum með okkar kjarnasvið í innanlandssviði sem sér um mótahald, dómaramál, leyfismál, mannvirkjamál o.fl. Síðan er fótboltastarfsemin sett í knattspyrnusvið til þess að gæta þess að við séum að vinna þar sem best faglega og nýta alla þá þekkingu sem þar er á sem bestan máta. Að síðustu er það markaðssvið sem á að vinna að tekjuöflun og markaðsmálum ásamt því að styðja sérstaklega við félögin í þeim efnum. Ég er sannfærður um að þetta fyrirkomulag mun reynast

okkar starfsemi gifturíkt. Við verðum að gæta þess að sitja ekki eftir hvað þróun fótboltans varðar. Við megum einmitt ekki á þessum tímapunkti halda að við séum „best í heimi“ miðað við höfðatölu og gleyma að huga að því hvernig við getum bætt okkur. Framtíðin er okkar og kyrrstaða er í raun afturför. Það sama á við um að afla tekna. KSÍ sér að nánast öllu leyti um dómarakostnað deilda, sem þekkest t.d. ekki á Norðurlöndunum. Þessi kostnaður fer hækkandi eins og annar launakostnaður í þjóðfélaginu. Til þess að geta mætt þessu þurfum við að styrkja þátt tekjuöflunar, og það höfum við gert þannig að KSÍ er nú að afla eðlilegra tekna.

En förum nú yfir keppnistímabilið hér heima í fótboltanum. Það var mikil spenna víða í deilda-keppnum okkar í sumar og hart barist. Hvað mesta athygli vakti gríðarleg keppni í 2. deild karla sem var frábært að fylgjast með. Einnig var keppnin hörð í Pepsi-deild karla. Breiðablik var besta liðið í kvennaboltanum og vann tvöfalt, en almennt er keppnin í kvennaboltanum að jafnast. Keppnin í neðri deildunum er skemmtileg og hörð þar sem hart er barist um að komast upp um deildir og halda sér í deildum.

Það var ánægjulegt að við skyldum fá eilitle fjölgun áhorfenda á Pepsi-deild karla þrátt fyrir slæmt veður síðasta sumar og HM-ár. Við vorum með sérstakan

markaðsfulltrúa í samvinnu við ÍTF sem samræmdi markaðsstarfið og félögin unnu gott markaðsstarf á sínum svæðum og innan sinna raða sem skilaði sér vel.

Fyrir utan það að mæta á fjölmarga leiki og horfa á þá er besta tilfinningin alltaf að sjá starf félaganna með yngri iðkendur, sem maður hrífst hvað mest af. Verum alltaf minnug þess að það er okkar helsta markmið að búa svo um hlutina að allir iðkendur okkar séu sem ánægðastir. Það geta ekki allir verið bestir og við vitum það að þeim mun betri sem grunnurinn er í grasrótastarfinu, þeim mun betra verður afreksstarfið okkar í kjölfarið. Þetta helst allt saman í hendur. Við þurfum að finna jafnvægið á milli þessara þátta í rekstri fótboltastarfsins. Ég tel að íslenskur fótbolti sé einstakur í þessum efnum og að við séum almennt að gera þetta mjög vel.

Einhver umræða hefur verið um rekstrarumhverfi félaganna. Ég hef heyrt ýmsa forsvarsmenn tjá sig um að erfitt sé að láta enda ná saman í rekstri meistaraflokkanna. Þetta er umræða sem við eigum að taka sem hreyfing. Við erum með mikinn metnað fyrir hönd okkar félaga og við viljum vinna titla, komast upp eða halda okkur í deildum. Þessi rekstur sem annar verður á endanum að vera sjálfbær. Við getum unnið að því í sameiningu að fyrirtæki almennt dragi ekki úr framlögum sínum til íþróttafélaga í formi styrktarsamninga, sem virðist hafa verið að gerast undanfarin ár. Ég tel fyrirtæki bera ákveðna samfélagslega ábyrgð gagnvart íþróttastarfsemi, sem er okkar samfélagi svo mikilvæg.

Einnig vil ég benda á mikilvægi opinberra aðila í þessu sambandi. Sveitarfélögin hafa flest hver gert mjög vel í uppbyggingu íþróttamannvirkja hér á landi. Stundum er erfitt um vik fyrir minni sveitarfélög en þau gera sitt besta í flestum tilvikum. Nú liggur fyrir frumvarp á Alþingi um endurgreiðslu á kostnaði vegna íþróttamannvirkja. Þetta frumvarp yrði mikil lyftistöng fyrir íþróttalífið í landinu og myndi auðvelda mjög uppbyggingu aðstöðu til íþróttaiðkunar um allt land. Ég er sannfærður um að þetta verði til mikilla heilla fyrir okkur.

Kæru félagar, ég vil þakka ykkur öllum vel unnin störf í hreyfingunni og ykkar þátt í uppbyggingu fótboltans. Án ykkar væri íslenskur fótbolti ekki á þeim stað sem hann er í dag.


Horfum gagnrýnum en björtum augum til framtíðarinnar og verum framsækin í öllu okkar starfi. Þannig njótum við okkar best.

Kær kveðja,
Guðni Bergsson,
formaður KSÍ

Efnisyfirlit

Pistill formanns	2
A landslið karla	4
A landslið kvenna	8
Yngri landslið	12
Evrópukeppnir	14
Mótin innanlands	16
Dómaramál	18
Árið sem leið	20
Fjármál	28
Ársreikningur	32

Stöðutöflur og nánari upplýsingar má finna á www.ksi.is



A LANDSLIÐ KARLA



Ísland á HM 2018

Það má með sanni segja að árið 2018 sé líklega stærsta ár í íslenski knattspyrnusögu þar sem Ísland var í fyrsta sinn þátttakandi í úrslitakeppni HM. Liðið lenti í erfiðum riðli þar, með tvöföldum heimsmeisturum Argentínu, Nígeríu og Króatíu. Þrátt fyrir að hafa ekki komist upp úr riðlinum stóðu strákarnir sig vel og hefðu með smá heppni getað komist í 16-liða úrslit.

Liðið hóf árið með því að ferðast til Indónesíu og spila þar tvo leiki við heimamenn. Í fyrri leik liðanna vann Ísland 6-0 sigur og skoruðu þeir Hjörtur Hermannsson, Hólmar Örn Eyjólfsson, Andri Rúnar Bjarnason, Óttar Magnús Karlsson, Kristján Flóki Finnbogason og Tryggvi Hrafn Haraldsson allir sitt markið hver. Seinni leikurinn endaði líka með öruggum sigri Íslands, 4-1 í þetta skiptið. Þar skoraði Albert Guðmundsson þrennu eftir að hafa komið inn á 27. mínútu. Arnór Smáráson skoraði einnig eitt mark í leiknum. Margir leikmenn fengu þarna dýrmæta reynslu, en ekki var um að ræða alþjóðlega leikdaga. Næstu leikir liðsins voru í lok mars þegar það ferðaðist til Bandaríkjanna og mætti þar Mexíkó og Perú. Fyrri leikurinn fór fram á Levi's Stadium í San Francisco gegn Mexíkó. Sá leikur endaði með 0-3 tapi. Seinni leikurinn fór fram á Red Bull Arena í New Jersey og vann Perú þann leik 3-1, en það var Jón Guðni Fjóluson sem skoraði mark Íslands.


Síðustu undirbúningsleikir liðsins fyrir Heimsmeistaramótið fóru fram á Laugardalsvelli. Ísland mætti Noregi 2. júní og eftir spennandi leik var 2-3 tap staðreynd. Alfreð Finnbogason og Gylfi Þór Sigurðsson skoruðu mörk Íslands. Seinni leikurinn fór fram 7. júní og var mótherjinn þar Gana. Kári Árnason og Alfreð Finnbogason skoruðu mörk Íslands í fyrri hálfleik, en leikurinn endaði 2-2.

Næst á dagskrá var stærsta stund íslenskrar knattspyrnusögu, sjálft Heimsmeistaramótið í Rússlandi. Fyrsti andstæðingur liðsins þar var Argentína, en leikið var í Moskvu. Argentínumenn komust yfir á 19. mínútu, en aðeins fjórum mínútum síðar jafnaði Alfreð Finnbogason leikinn og varð með því fyrsti Íslendingurinn til að skora í úrslitakeppni HM. Hannes Þór Halldórsson reyndist síðan hetja Íslands þegar hann varði vítaspyrnu Lionel Messi og endaði leikurinn 1-1. Fyrsti leikur Íslands á HM og fyrsta stigið staðreynd. Nígería var næsti andstæðingur liðsins og fór leikurinn fram í Volgograd. Fyrri hálfleikurinn var nokkuð jafn og hefðu bæði lið getað tekið forystuna. Nígería tók hins vegar völdin í seinni hálfleik og vann 2-0 sigur. Því var ljóst að leikurinn gegn Króatíu yrði mjög mikilvægur og sigur nauðsynlegur til að eiga möguleika á því að komast í 16-liða úrslit. Króatía

tók forystuna í byrjun síðari hálfleiks, en Gylfi Þór Sigurðsson jafnaði metin af vítapunktinum á 76. mínútu. Strákarnir lögðu allt kapp á að taka forystuna og hefðu svo sannarlega getað gert það með smá heppni. Það voru hins vegar Króatar sem skoruðu sigurmarkið í lok venjulegs leiktíma og því ljóst að Ísland var dottið úr leik.

Heimir Hallgrímsson ákvað að stíga til hliðar eftir mótið og tók Erik Hamrén við af honum. Í fyrsta skipti var leikið í nýrri keppni, Þjóðadeild UEFA, og var Ísland þar í efstu deild og í riðli með Belgíu og Sviss. Fyrsti leikur liðsins í keppninni var gegn Sviss ytra. Strákarnir náðu sér aldrei á strik þar og máttu sætta sig við 0-6 tap. Þremur dögum síðar mættu þeir Belgíu á Laugardalsvelli og töpuðu þar 0-3. Þvínæst mætti Ísland Frakklandi í vináttuleik ytra. Liðið lék þar frábærlega. Birkir Bjarnason tók forystuna í fyrri hálfleik og Kári Árnason kom síðan Íslandi í 2-0 í seinni hálfleik. Frökkum tókst að skora tvö mörk á síðustu fjórum mínútum leiksins og 2-2 jafntefli var því staðreynd. Svekkjandi úrslit, en mjög góð frammistaða hjá liðinu. Sviss var andstæðingur liðsins fjórum dögum síðar á Laugardalsvelli. Leikurinn var nokkuð jafn, en eftir markalausán fyrri hálfleik tókst Sviss að skora á 52. og 67. mínútu. Alfreð Finnbogason minnkaði muninn á 81. mínútu og strákarnir voru nálægt því að jafna en inn vildi boltinn ekki.


Síðustu leikir liðsins fóru síðan fram í nóvember. Fyrri leikurinn var gegn Belgíu ytra og endaði sá leikur með 0-2 tapi. Sá síðari var gegn Katar, en hann var einnig leikinn í Belgíu. Katar komst yfir strax á þriðju mínútu leiksins áður en Ari Freyr Skúlason jafnaði metin úr aukaspyrnu eftir hálf tíma leik. Ísland komst síðan í 2-1 með marki Kolbeins Sigþórssonar eftir um tíu mínútna leik í síðari hálfleik. Katarar voru þó ekki búnir að segja sitt síðasta orð og jöfnuðu leikinn á 68. mínútu og endaði síðasti leikur íslenska liðsins á árinu með 2-2 jafntefli.



HM KARLA







A LANDSLIÐ KVENNA



Ísland var nálægt því að komast í lokakeppni HM í fyrsta sinn, en úrslit í síðustu tveimur leikjum liðsins í riðlakeppninni voru ekki hagstæð.

Liðið hóf undirbúning sinn fyrir áframhaldandi keppni í undankeppni HM með því að leika vináttuleik við Noreg á La Manga á Spáni. Ísland byrjaði leikinn frábærlega og skoraði Fanndís Friðriksdóttir strax á þriðju mínútu. Norðmenn jöfnuðu leikinn á 42. mínútu og skoruðu sigurmarkið 20 mínútum síðar. Nokkrir leikmenn spiluðu þarna sinn fyrsta landsleik og var frammistaða liðsins heilt yfir með ágætum. Næst var haldið á hið árlega Algarve Cup, en Ísland var þar í riðli með Hollandi, Japan og Danmörku og ljóst að verkefnið yrði erfitt. Fyrst var leikið gegn Danmörku, silfurlíði EM 2017. Um jafnan leik var að ræða sem endaði með markalausum jafntefli. Næst á dagskrá voru fyrrum heimsmeistarar Japans. Glódís Perla Viggósdóttir skoraði mark Íslands í 1-2 tapi. Síðasti leikur riðilsins var gegn Evrópumeisturum Hollands og líkt og gegn Danmörku endaði sá leikur með markalausum jafntefli. Því var ljóst að Ísland myndi leika um 9.-10. sæti mótsins, gegn Danmörku. Hlín Eiríksdóttir skoraði mark Íslands og var staðan 1-1 eftir 90 mínútur. Við tók vítaspyrnukeppni þar sem Ísland vann 5-4 sigur.

Þann 6. apríl fór fram fyrsti leikur ársins í undankeppni HM þegar liðið mætti Slóveníu ytra. Ísland var betri aðilinn og vann 2-0 sigur, Rakel Hönnudóttir og Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir skoruðu mörkin í fyrri hálfleik. Fjórum dögum síðar var leikið gegn Færeyjum, einnig ytra, og vannst þar góður 5-0 sigur. Gunnhildur Yrsa Jónsdóttir gaf Íslandi forystu undir lok fyrri hálfleiks og Rakel Hönnudóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Agla María Albertsdóttir og Fanndís Friðriksdóttir bætu allar við marki í síðari hálfleik. Með 2-0 sigri gegn Slóveníu á Laugardalsvelli 11. júní, með tveimur mörkum frá Glódísi Perlu Viggósdóttur, var ljóst að liðið var með örlögin í sínum höndum fyrir síðustu tvo leiki riðilsins sem fóru báðir fram á Laugardalsvelli. Fyrri leikurinn var gegn Þýskalandi og var það í fyrsta sinn sem uppselt er á leik hjá A landsliði kvenna, troðfullur Laugardalsvöllur. Íslenska

liðið barðist hetjulega, en 0-2 tap var staðreynd og því ljóst að Þýskaland væri komið í efsta sæti riðilsins. Þremur dögum síðar mætti Tékkland á Laugardalsvöll og var nokkuð ljóst að sigur væri nauðsynlegur til að eiga möguleika á því að komast í umspil. Tékkar komust yfir, en Glódís Perla Viggósdóttir jafnaði undir lok leiksins. Ísland sótti án afláts en tókst ekki að skora sigurmarkið og því ljóst að liðið færi ekki í umspil.


Þjálfaraskipti urðu eftir undankeppnina þegar Freyr Alexandersson var ráðinn aðstoðarþjálfari A landsliðs karla og tók Jón Þór Hauksson við starfi hans.



Mýnd: Myndasafn ISÍ

ÍSLAND – ÞÝSKALAND





YNGRI LANDSLIÐ

Þrjú lið í milliriðla

U21 karla

Fyrsti leikur ársins var gegn Írlandi ytra þar sem 1-3 tap var staðreynd, en það var Stefán Alexander Ljubicic sem skoraði mark Íslands í síðari hálfleik. Næsti leikur liðsins var gegn Norður-Írlandi, einnig ytra, í undankeppni EM 2019. Um jafnan leik var að ræða og var niðurstaðan markalaust jafntefli. Síðustu fjórir leikir riðilsins fóru síðan allir fram á Íslandi. Þann 6. september mætti liðið Eistlandi á Kópavogsvelli og vann þar frábæran 5-2 sigur. Óttar Magnús Karlsson skoraði tvö mörk og þeir Samúel Kári Friðjónsson, Arnór Sigurðsson og Albert Guðmundsson allir sitt markið hver. Næsti mótherji liðsins var Slóvakía og fór sá leikur fram á Alvogenvellinum 11. september. Albert Guðmundsson skoraði bæði mörk liðsins í 2-3 tapi, en Slóvökum tókst að skora sigurmarkið í uppbótartíma. Norður-Írland kom í heimsókn 11. október, en leikið var á Fylkisvelli og unnu gestirnir tæpan 1-0 sigur. Síðasti leikurinn var síðan gegn Spáni, einnig á Fylkisvelli, 16. október. Þar reyndust gestirnir ofjarlar strákanna okkar og 2-7 tap staðreynd. Jón Dagur Þorsteinsson og Óttar Magnús Karlsson skoruðu mörk Íslands. Í þessum leikjum var farið að líta til framtíðarinnar og bróðurpartur hópsins voru leikmenn sem gjaldgengir eru í næstu undankeppni.

Þjálfaraskipti hafa orðið hjá liðinu, en Arnar Þór Viðarsson hefur nú tekið við þjálfun þess af Eyjólfí Sverrissyni, og Eiður Smári Guðjohnsen verður aðstoðarþjálfari.

U19 kvenna

Árið hófst á þremur æfingaleikjum á La Manga á Spáni. Stelpurnar töpuðu 1-2 gegn Ítalíu og 0-2 gegn Svíþjóð, en gerðu 1-1 jafntefli í seinni leiknum gegn Svíum. Næst á dagskrá var milliriðill fyrir undankeppni EM 2018 sem leikinn var í Póllandi. Ísland vann 1-0 sigur gegn Póllandi og 2-0 gegn Grikklandi, en 0-2 tap gegn Noregi gerði það að verkum að liðið komst ekki áfram í úrslitakeppnina. Í lok ágúst léku stelpurnar tvo æfingaleiki. Þær töpuðu 0-1 gegn Noregi en unnu 5-4 sigur gegn Svíþjóð. Síðasta verkefnið var undankeppni EM 2019 og gerðu stelpurnar sér lítið fyrir og unnu alla leikina og enduðu með því á toppi riðilsins. Fyrsta leikinn unnu þær 2-1 gegn Wales, því næst 4-0 gegn Armeníu og svo 5-1 gegn Belgíu. Með þessu var sæti í milliriðlum tryggt, þar sem þær eru í riðli með Rússlandi, Búlgaríu og Hollandi.

U19 karla

Strákarnir mættu Albaníu í tveimur æfingaleikjum ytra í byrjun september í undirbúningi sínum fyrir undankeppni EM 2019. Fyrri leikurinn endaði með 1-0 sigri heimamanna, en Ísland vann þann síðari 4-1. Liðið var í erfiðum riðli í undankeppni EM, en var þó nálægt því að komast áfram í milliriðla. Góður 2-1 sigur vannst í fyrsta leiknum gegn Tyrklandi, áður en strákarnir töpuðu 1-3 gegn Englandi. Möguleikarnir voru því enn góðir fyrir síðasta leikinn, en 1-1 jafntefli gegn Moldóvu á sama tíma og Tyrkland vann óvæntan sigur gegn Englandi gerði það að verkum að Ísland sat eftir með sárt ennið.

U18 karla

Ísland lék tvo æfingaleiki gegn Lettlandi og fóru þeir báðir fram ytra. Strákarnir unnu góðan 2-0 sigur í fyrri leiknum, en sá síðari endaði með 1-1 jafntefli.



Mynd: Mýndasafn KSI

U17 kvenna

Ísland hóf árið með tveimur æfingaleikjum gegn Skotlandi í Kórnum. Stelpurnar unnu þar tvo örugga 4-0 sigra. Því næst var haldið til Þýskalands í mars þar sem liðið lék í milliriðli í undankeppni EM 2018. Liðið vann þar 2-1 sigur gegn Írlandi og 3-1 sigur gegn Aserbaídsjan, en tapaði 1-3 gegn Þýskalandi og komst því ekki í lokakeppnina. Liðið endaði árið á undankeppni EM 2019, en leikið var í Moldóvu. Ísland vann Aserbaídsjan, 1-0, og Moldóvu, 6-0, áður en það tapaði 0-2 gegn Englandi. Engu að síður var annað sæti riðilsins staðreynd og því ljóst að liðið leikur í milliriðlum. Þar mætir Ísland Danmörku, Slóveníu og Ítalíu.

U17 karla

Strákarnir hófu árið á mótinu í Hvíta-Rússlandi. Ísland vann Slóvakíu 1-0 í fyrsta leiknum, tapaði 0-3 gegn Ísrael næst og vann síðan 1-0 sigur gegn Rússlandi. Liðið lék tvo leiki í viðbót í umspili, gerði markalaust jafntefli gegn Litháen og vann 3-0 sigur gegn Moldóvu. Í mars hélt liðið í milliriðla undankeppni EM, en leikið var í Hollandi. Ísland tapaði öllum sínum leikjum, 1-2 gegn Hollandi, 0-3 gegn Tyrklandi og 0-1 gegn Ítalíu. Síðasta verkefni ársins var undankeppni EM 2019, en leikið var í Bosníu og Hersegóvínu. Ísland gerði tvö jafntefli, 2-2 gegn Úkraínu og 1-1 gegn Bosníu og Hersegóvínu, en vann 8-0 sigur gegn Gíbraltar og lenti því í öðru sæti riðilsins. Með því var farseðillinn í milliriðla tryggður, en þar mætir liðið Þýskalandi, Hvíta-Rússlandi og Slóveníu.

U16 kvenna

Í apríl lék Ísland á æfingamóti UEFA í Litháen og vann þar alla leikina þrjá, skoraði 16 mörk og hélt hreinu í þeim öllum. Í riðlinum voru, ásamt Íslandi,

Eistland (3-0), Litháen (9-0) og Búlgaría (4-0). Norðurlandamótið fór fram í byrjun júlí og stóðu stelpurnar sig frábærlega þar. 2-1 sigur vannst gegn Þýskalandi og 1-0 gegn Englandi, en 0-2 tap gegn Svíþjóð þýddi að liðið endaði í öðru sæti riðilsins og lék því um bronsið. Þar mættu stelpurnar Hollandi, en eftir að leikurinn endaði 0-0 þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni þar sem Ísland vann 5-4.

U16 karla

Í apríl lék liðið á æfingamóti UEFA í Litháen. Ísland vann þar tvo leiki, 2-1 gegn Eistlandi og 3-0 gegn Litháen, og gerði 1-1 jafntefli á mótinu Búlgaríu. Norðurlandamótið var haldið í byrjun ágúst í Færeyjum og vann liðið þar riðilinn sinn örugglega með fullt hús stiga. Færeyjar voru sigraðir 2-1 í fyrsta leiknum, Kína 3-0 í þeim næsta og síðan Noregur 2-1. Liðið lék því til úrslita á mótinu, gerði sér lítið fyrir og hampaði Norðurlandameistaratilinum eftir 1-0 sigur í úrslitaleiknum gegn Finnlandi.

U15 karla

Ísland lék fjóra vináttuleiki á þessu ári. Sviss kom til landsins í maí og lék tvo leiki. Ísland tapaði báðum leikjunum, þeim fyrri 1-4 og þeim síðari 1-3. Í ágúst komu síðan til landsins Hong Kong og úrvalslið frá Peking. Ísland vann örugga sigra í báðum leikjunum, 13-0 gegn Peking og 7-0 gegn Hong Kong.

Fyrstu skrefin í landslið

KSÍ starfrækir á hverju ári knattspyrnuskóla, úrtaksmót, markmannsskóla og fleiri verkefni eins og Hæfileikamótun KSÍ og N1. Um er að ræða fjöldann allan af viðburðum um land allt yfir árið og er heildarfjöldi þátttakenda um það bil 580 leikmenn.



EVROPUKEPPNIR

Þór/KA mætti Wolfsburg í 32-liða úrslitum

Hetjuleg barátta gegn Wolfsburg

Kvennalið Þórs/KA lék í undankeppni Meistaradeildarinnar og var í riðli með Ajax, Wexford Youths Women og Linfield Ladies. Liðið stóð sig vel, vann 3-0 sigur gegn Wexford Youths Women og 2-0 gegn Linfield Ladies. Markalaust jafntefli varð síðan niðurstaðan gegn Ajax í síðasta leik riðilsins og annað sætið staðreynd þar sem Ajax hafði betri markatölu. Þór/KA komst áfram í 32-liða úrslitin sem eitt af bestu liðunum í öðru sæti síns riðils. Þar beið stórveldið Wolfsburg með Söru Björk Gunnarsdóttur innanborðs. Þrátt fyrir að detta út gegn þýska risanum stóð liðið sig frábærlega og tapaði samanlagt 0-3.

Fyrri leikurinn fór fram á Þórsvelli og endaði með 1-0 sigri Wolfsburg og sá síðari 2-0 á heimavelli Þjóðverjanna.

MEISTARAEILD EVRÓPU – karla Valsmenn nálægt því að slá út Rosenborg

Valur lék í undankeppni Meistaradeildarinnar og dróst þar gegn norsku meisturunum, Rosenborg. Fyrri leikurinn fór fram á Origo vellinum og stóðu Valsmenn uppi sem sigurvegarar eftir að Eiður Aron Sigurbjörnsson hafði skorað sigurmarkið þegar aðeins sex mínútur voru til leiksloka. Viku síðar mættust liðin á Lerkendal vellinum í Þrándheimi og vann Rosenborg þar 3-1 sigur, en Valsmenn voru óheppnir og hefðu með smá heppni getað komist áfram.

Í ljósi tapsins færðist Valur yfir í undankeppni Evrópudeildarinnar og dróst þar gegn Santa Coloma frá Andorra. Fyrri leikurinn endaði með 0-1 tapi ytra, en Valsmenn unnu góðan 3-0 sigur á Origo vellinum. FC Sheriff frá Moldóvu var næsti andstæðingur liðsins og endaði fyrri leikur liðanna með 1-0 sigri Sheriff í Moldóvu. Valsmenn unnu seinni leikinn 2-1, en það nægði ekki til að komast áfram.

EVROPUDEILDIN FH nálægt því að slá út Hapoel Haifa

FH, ÍBV og Stjarnan léku í Evrópudeildinni. FH hóf leik á útivelli og mætti þar FC Lahti frá Finnlandi. Hafnfirðingar sýndu frábæran leik og unnu góðan 3-0 sigur. Seinni leikurinn endaði með markalausum jafntefli og því ljóst að FH var komið áfram í næstu umferð. Þar beið liðsins Hapoel Haifa frá Ísrael. Fyrri leikurinn fór fram ytra og endaði með 1-1 jafntefli. FH tapaði hins vegar leiknum í Kaplakrika með minnsta mun, 0-1, og því Evrópuævintýri þeirra lokið að þessu sinni.



Mynd: Heflið Breiðvík fotbolti.net

ÍBV mætti Sarpsborg frá Noregi og fór fyrri leikurinn fram á Hásteinsvelli. Norðmennirnir léku vel og unnu 4-0 sigur og því ljóst að róðurinn yrði þungur fyrir Eyjamenn. Seinni leikurinn endaði síðan með 2-0 sigri Sarpsborg í Noregi og því var 0-6 samanlagt tap staðreynd.

Stjarnan mætti Nõmme Kalju frá Eistlandi og vann góðan 3-0 sigur í fyrri leiknum sem fór fram á Samsung vellinum. Seinni leikurinn endaði með 0-1 tapi, en Garðbæingar voru þrátt fyrir það komnir í næstu umferð. Þeir drógust síðan gegn FC København í næstu umferð og töpuðu fyrri leiknum 0-2 í Garðabæ. Seinni leikurinn var erfiður og 5-0 tap staðreynd.

KR tók þátt í Unglingadeild Evrópu og lék gegn Elfsborg frá Svíþjóð. Fyrri leikur liðanna fór fram á Alvogenvellinum og tapaði KR leiknum 1-2. Liðið tapaði einnig seinni leiknum, 0-1, og var því úr leik. Valur tekur þátt í undankeppni Meistaradeildarinnar 2019 en Stjarnan, Breiðablik og KR í forkeppni Evrópukeppni Evrópu.

EVróPUKEPPNI FÉLAGSLIÐA Í FUTSAL Vængir Júpíters í fyrsta sinn í Evrópukeppni

Vængir Júpíters tóku þátt í forkeppni Evrópukeppni félagsliða í futsal, en félagið öðlaðist rétt til þess með því að lyfta Íslandsmeistaratitlinum í innanhússknattspyrnu. Liðið dróst í riðil með IFK Uddevalla frá Svíþjóð, Leo Futsal Club frá Armeníu og KMF Čelik NK frá Svartfjallalandi. Leikið var í Svíþjóð. Vængir Júpíters töpuðu öllum leikjum sínum í riðlinum, 2-8 gegn Leo Futsal Club, 4-8 gegn IFK Uddevalla og 3-8 gegn KMF Čelik NK.

Vængir Júpíters hafa aftur öðlast keppnisrétt í keppninni árið 2019, en liðið varði nýlega Íslandsmeistaratitil sinn í innanhússknattspyrnu.



MÓTIN INNANLANDS

PEPSI DEILD KARLA Valur Íslandsmeistari

Íslandsmótið fór vel af stað. Mótið var jafnt allan tímann og voru Breiðablik, Grindavík og FH jöfn að stigum á toppnum eftir sex umferðir. Valur komst fyrst á toppinn eftir 8. umferð og var þar mestmegnis allt til loka tímabilsins, en þó var spennan mikil og var ekki ljóst fyrir lokaumferðina hverjir myndu hampa titlinum í lok leiks. Þrjú lið áttu möguleika: Valur, Breiðablik og Stjarnan. Valur mætti Keflavík á meðan Breiðablik lék gegn KA og Stjarnan gegn FH. Valsmönnum nægði sigur og sú varð raunin og liðið því Íslandsmeistari annað árið í röð. Ljóst var að þessi þrjú lið væru örugg í Evrópukeppni að ári. En baráttan um fjórða sætið, það síðasta sem gaf sæti í Evrópukeppni 2019, var hörð. KR og FH voru jöfn að stigum fyrir síðustu umferðina, en KR með betri markatölu þótt það munaði aðeins þremur mörkum. Bæði lið unnu hins vegar leiki sína og því ljóst að KR leikur í Evrópudeildinni 2019.

Patrick Pedersen var valinn leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar, en hann var jafnframt markahæstur með 17 mörk. Willum Þór Willumsson var kosinn efnilegastur.

Valur vann Meistarakeppni KSÍ með 2-1 sigri á ÍBV og einnig Lengjubikarinn með 4-2 sigri gegn Grindavík. Alls mætti 113.761 áhorfandi á leiki Pepsi-deildar karla á seinasta tímabili, eða 862 að meðaltali á hvern leik, og var um ræða fjölgun um 24 að meðaltali á hvern leik frá því árið 2017. Flestir mættu á heimaleiki Breiðabliks, eða að meðaltali 1.249 á hvern leik og er þetta í fyrsta sinn í sögunni sem félagið nær þeim árangri. Næstbesta aðsóknin var á Origo völlinn þar sem 1.207 manns að meðaltali sáu heimaleiki Vals. Flestir áhorfendur voru á leik Vals og KR í fyrstu umferð en þá mættu 2.489 manns á Origo völinn.



PEPSI DEILD KVENNA Breiðablik Íslandsmeistari

Breiðablik varð Íslandsmeistari í 17. skiptið, en baráttan við ríkjandi meistara Þórs/KA var hörð allt tímabilið. Mikið jafnræði var með liðunum allt tímabilið, liðin voru bæði taplaus eftir sex umferðir og mættust í þeirri sjöundu. Þar vann Þór/KA góðan 2-0 sigur á Þórsvelli. Það var í raun ekki fyrr en eftir toppslag liðanna í 16. umferð sem leiðir þeirra skildu. Breiðablik vann þann slag 3-0 á Kópavogsvelli og tryggði sér síðan titilinn í næstu umferð. Sandra María Jessen var valin leikmaður ársins af leikmönnum deildarinnar, en Berglind Björg Þorvaldsdóttir var markahæst með 19 mörk. Alexandra Jóhannsdóttir var kosin efnilegust.

Þór/KA vann Meistarakeppni KSÍ með 3-0 sigri gegn ÍBV og Lengjubikarinn með sigri á Stjörnuni í vítaspyrnukeppni 4-2 eftir að leikurinn hafði endað með 2-2 jafntefli.


MJÓLKURBIKARINN Breiðablik meistari í kvennaflokki og Stjarnan í karlaflokki

Sömu félag, Breiðablik og Stjarnan, léku til úrslita í Mjólkurbikar karla og kvenna. Í kvennaflokki

vann Breiðablik Stjörnuna 2-1 í úrslitaleiknum, en í karlaflokki voru það Stjörnumenn sem höfðu betur í vítaspyrnukeppni eftir markalausar 90 mínútur og framlengingu.

Á leið sinni í úrslit Mjólkurbikars kvenna sló Breiðablik út KR, ÍR og Val á meðan Stjarnan vann Þór/KA, Selfoss og Fylki. Úrslitaleikurinn var opinn og skemmtilegur en Breiðablik skoraði tvö mörk í fyrri hálfleik og voru þar að verki Berglind Björg Þorvaldsdóttir og Guðrún Arnardóttir. Telma Hjaltalín Þrastardóttir minnkaði muninn fyrir Stjörnuna þegar þrjár mínútur voru eftir af venjulegum leiktíma og þar við sat. Breiðablik varð bikarmeistari í tólfta skiptið. Leið Stjörnunnar í úrslitaleikinn karlamegin var Fylkir, Þróttur R., Þór og FH. Á sama tíma lék Breiðablik gegn Leikni R., KR, Val og Víking Ó. Úrslitaleikurinn var jafn allan tímann og voru markverðir liðanna í stóru hlutverki og áttu báðir frábæran dag. Svo fór að leikurinn var markalaus eftir venjulegan leiktíma og framlengingu. Því þurfti að grípa til vítaspyrnukeppni og reyndust Garðbæingar betri þar og unnu 4-1. Fyrsti bikarameistaratitill Stjörnunnar í meistaraflokki karla var því staðreynd.






DÓMARAMÁL



Mýnd: Hafnór Breiðfjörð - fotbolti.net



Póroddur Hjaltalín og Bríet Bragadóttir dómamar ársins

Póroddur Hjaltalín var valinn besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi-deildar karla. Hann átti stórgott tímabil og dæmdi úrslitaleik Mjólkurbikars karla.

Bríet Bragadóttir var valin besti dómari ársins af leikmönnum Pepsi-deildar kvenna. Þetta er annað árið í röð sem Bríet hlýtur þessi verðlaun. Hún átti mjög gott tímabil og er vel að útnefningunni komin.

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson dæmdi í Evrópudeildinni

Vilhjálmur Alvar Þórarinnsson dæmdi leik Dynamo Kiev og FK Jablonec í riðlakeppni Evrópudeildar UEFA, en leikið var í Úkraínu. Honum til aðstoðar voru þeir Gylfi Már Sigurðsson og Jóhann Gunnar Guðmundsson. Fjórði dómari var Birkir Sigurðarson

og voru þeir Ívar Orri Kristjánsson og Póroddur Hjaltalín sprotadómamar.

Vilhjálmur Alvar dæmdi einnig stórleik Tottenham og Barcelona í Unglingadeild UEFA, en leikið var á Englandi.

Bryngeir Valdimarsson aðstoðardómari í úrslitaleik EM U19 karla

Bryngeir Valdimarsson var aðstoðardómari í úrslitaleik EM U19 karla, en þar mættust Portúgal og Ítalía. Hann starfaði einnig við undanúrslitaleik Portúgal og Úkraínu. Þetta er aðeins í annað sinn sem íslenskur aðstoðardómari starfar við úrslitaleik í lokakeppni, en Jóhann Gunnar Guðmundsson gerði það árið 2011 og var þar einnig um að ræða U19 karla.






ÁRIÐ SEM LEIÐ



Það helsta frá 2018



Stjórn KSÍ

72. ársþing KSÍ var haldið á Hilton Reykjavík Nordica
10. febrúar 2018.

Stjórn KSÍ var þannig skipuð að loknu ársþingi:

Guðni Bergsson, formaður
Guðrún Inga Sívertsen, varaformaður
Borghildur Sigurðardóttir, gjaldkeri
Magnús Gylfason, ritari
Gísli Gíslason
Ingi Sigurðsson
Ragnhildur Skúladóttir
Valgeir Sigurðsson
Vignir Már Þormóðsson

Varamenn í aðalstjórn:

Ingvar Guðjónsson
Jóhann Torfason
Kristinn Jakobsson

Aðalfulltrúi Austurlands var kjörinn Bjarni Ólafur Birkisson, Jakob Skúlason fyrir Vesturland, Björn Friðþjófsson fyrir Norðurland og Tómas Þóroddsson fyrir Suðurland.

Stjórn KSÍ hélt 15 bókaða fundi á árinu (milli ársþinga). Fundargerðir stjórnar má sjá á vef KSÍ:

https://www.ksi.is/um-ksi/fundargerdir/fundagerdir_og_dagskra_funda/

Breytingar urðu á þjálfaramálum yngri landsliða. Davíð Snorri Jónasson tók við þjálfun U17 ára landsliðs karla, en Lúðvík Gunnarsson tók við Hæfileikamótun N1 og KSÍ af Þorláki Árnasyni.

Starfsfólk KSÍ 2018

Klara Bjartmarz, framkvæmdastjóri
Arnar Bill Gunnarsson, fræðslustjóri
Birkir Sveinsson, mótastjóri
Bryndís Einarsdóttir, fjármálastjóri
Dagur Sveinn Dagbjartsson, fræðslumál
Guðlaugur Gunnarsson, mótamál
Gunnar Gylfason, landsliðsmál
Haukur Hinriksson, lögfræðingur

Jóhann Kristinsson, vallarstjóri
Jóhann Ólafur Sigurðsson, markaðsmál
Kristinn V. Jóhannsson, vallarstjóri
Magnús Már Jónsson, dómastjóri
Margrét Elíasdóttir, afgreiðsla og miðamál
Ómar Smárason, markaðsstjóri
Óskar Örn Guðbrandsson, markaðsmál
Pjetur Sigurðsson, dómaramál
Ragnheiður Elíasdóttir, afgreiðsla og umsjón
búningalagers
Þorvaldur Ingimundarson, mótamál

Tímabundnar ráðningar:

Hulda Birna Baldursdóttir, markaðsmál
Ingibjörg Jónsdóttir, afgreiðsla
Stefán Sveinn Gunnarsson, markaðsmál
Stefán Daníel Jónsson, leyfismál
Víðir Reynisson, landsliðsmál

Trúnaðarstörf hjá UEFA og FIFA

Guðni Bergsson

Aganefnd FIFA (FIFA Disciplinary Committee).
Nefnd UEFA um útbreiðslu- og tækniþróun (UEFA Development and Technical Assistance Committee).
Starfshópur UEFA um stefnumótun (UEFA Strategy Group).

Geir Þorsteinsson

Nefnd UEFA um mótamál landsliða (UEFA National Team Competitions Committee).
Nefnd FIFA um málefni aðildarsambanda (FIFA Member Associations Committee).

Klara Bjartmarz


Nefnd UEFA um samfélagslega ábyrgð (UEFA Social Responsibility Committee).

Guðrún Inga Sívertsen

Nefnd UEFA um kvennaknattspyrnu (UEFA Women's Football Committee).

Lúðvík S. Georgsson

Leyfisnefnd UEFA (UEFA Club Licensing Committee).



Vængir Júpíters og Álftanes Íslandsmeistarar í innanhúsknattspyrnu

Álftanes vann stórsigur á Breiðablik/Augnablik, 7-0, í úrslitaleik kvenna. Í karlaflokki unnu Vængir Júpíters nokkuð öruggan 6-3 sigur gegn Augnablik.

Sami stigabónus til leikmanna A landsliða karla og kvenna

Stjórn KSÍ endurskoðaði fyrirkomulag á árangurs-tengdum greiðslum (stigabónus) til leikmanna A landsliðanna vegna leikja í undankeppnum stórmóta. Upphæðir sem greiddar eru til leikmanna fyrir áunnin stig í undankeppnum stórmóta eru nú þær sömu óháð því um hvort lið sé að ræða.

Það er mikilvægt fyrir íslenska knattspyrnu að KSÍ sé framsækið og beri hag allrar knattspyrnu-fjölskyldunnar fyrir brjósti. Það er von KSÍ að þetta skref hvetji fleiri knattspyrnusambönd til að fylgja í kjölfarið og stærri skref verði stigin á næstu árum og misserum í átt til aukins jafnréttis karla og kvenna í milli.

Fulltrúar KSÍ sóttu UEFA-ráðstefnu um öryggismál

Dagana 15. og 16. janúar sóttu fulltrúar KSÍ ráðstefnu UEFA um öryggisþætti á knattspyrnuleikvöngum. Á ráðstefnunni, sem var haldin í München í Þýskalandi, var fjallað um ýmsa öryggisþætti í tengslum við knattspyrnuleiki.

Heimsóknir stjórnarmanna KSÍ til félaga

Meðlimir stjórnar KSÍ heimsóttu félög víðsvegar um landið á árinu og var fjöldi þeirra heimsókna 31. Rauði þráðurinn í þeim var sá að ræða við félög um málefni þeirra, þar má nefna fjármál, markaðsmál og markaðsréttindi, ferðakostnað, dómaramál, mótamál yngri flokka, fræðslumál, aðstöðumál, heimsóknir landsliðsfólks og þjálfara og samskipti við skrifstofu KSÍ.

Starfsfólk ráðið tímabundið á skrifstofu KSÍ vegna HM 2018


Í ljósi fjölda verkefna og álags á skrifstofu KSÍ vegna HM 2018 í Rússlandi voru þrír starfsmenn ráðnir inn tímabundið. Hulda Birna Baldursdóttir var ráðin inn í markaðsdeildina og sá um markaðsmál og tengsl við félög vegna móta innanlands sérstaklega. Sýsta Jónsdóttir var ráðin í móttöku KSÍ og Stefán Sveinn Gunnarsson sinnti markaðsmálum og tengslum við samstarfsaðila.

Fyrstu UEFA A markmannsþjálfararnir útskrifaðir

KSÍ útskrifaði fyrstu UEFA A markmannsþjálfarana hér á landi, en alls átta þjálfarar hlutu þann heiður að útskrifast með hæstu þjálfaragráðu sem UEFA veitir markmannsþjálfurum. Þessi áfangi á sér langan aðdraganda sem hófst haustið 2012. Síðan þá hefur KSÍ þróað sínar markmannsþjálfaragráður, sem nú eru tvær, KSÍ Markmannsþjálfaragráða og UEFA A Markmannsþjálfaragráða.



Mynd: Myndasafn KSÍ



Sækjum fram #fyrirland – Málþing um stöðu og framtíð knattspyrnunnar á Íslandi

KSÍ stóð fyrir málþingi föstudaginn 9. febrúar um stöðu og framtíð knattspyrnunnar á Íslandi. Málþingið var haldið í höfuðstöðvum KSÍ og var byggt upp á örfyrirlestur, auk pallborðsumræðu.

Haukur Hinriksson flutti fyrirlestur á ráðstefnu FIFA og CONCACAF

Haukur Hinriksson, lögfræðingur og leyfisstjóri KSÍ, flutti fyrirlestur á ráðstefnu FIFA og CONCACAF (FIFA-CONCACAF Professional Football Conference) í Orlando í Flórída. Ráðstefnan var hugsuð af FIFA sem vettvangur til að veita aðildarsamböndum CONCACAF í Norður- og Mið-Ameríku aðstoð og alhliða upplýsingar um málefni tengd atvinnumannafótbolta.

Kristinn V. Jóhannsson valinn Vallarstjóri ársins 2017

Kristinn V. Jóhannsson var valinn Vallarstjóri ársins fyrir árið 2017 í flokki knattspyrnuvalla á aðalfundi Samtaka íþrótt- og golfvallastarfsmanna á Íslandi. Þetta er í fjórða skiptið sem Kristinn hlýtur þessi verðlaun, en hann fékk þau einnig árin 2012, 2013 og 2014.

KSÍ styður Vinaliðaverkefnið

Knattspyrnusamband Íslands gaf 96 bolta til Vinaliðaverkefnisins. 48 skólar eru þátttakendur í

verkefninu og var tveimur fótboltum dreift í hvern skóla.

Vinaliðaverkefnið gengur út á það að hvetja nemendur til meiri þátttöku í afþreyingu í frímínútunum og skapa betri skólaanda.

Viðar Halldórsson kjörinn í stjórn ECA

Viðar Halldórsson, formaður aðalstjórnar FH, var á árinu kjörinn sem aukafulltrúi í stjórn ECA á fundi samtakanna í Róm á Ítalíu. ECA eru samtök knattspyrnufélaga í Evrópu og telja þau 200 félög.


KSÍ og Parkinsonsamtökin í samstarf

KSÍ gekk til samstarfs við Parkinsonsamtökin um samfélagslegt verkefni á árinu. Samtökin fóru í fjáröflun fyrir sérstakt Parkinsonsetur. KSÍ lagði því þarfa verkefni lið með því að taka virkan og öflugan þátt í árveknisátaki um verkefnið og Parkinsonsjúkdóminn. Fyrir Parkinson-verkefnið hlaut KSÍ Hvatningarverðlaun Öryrkjabandalags Íslands, en þau eru veitt þeim sem hafa með verkum sínum stuðlað að einu samfélagi fyrir alla og endurspegla nútímalegar áherslur um þátttöku, sjálfstæði og jafnrétti fatlaðs fólks. Þá eiga verðlaunin að efla frumkvæði til nýrra verkefna og hugmyndavinnu í málaflokknum og skapa jákvæða ímynd fyrir fatlað fólk. KSÍ hlaut verðlaun í flokknum Umfjöllun og kynningar „fyrir ómetanlegan stuðning við kynningarátak Parkinsonsamtakanna – Sigrum Parkinson“. (sjá mynd fyrir neðan)



Mynd: Myndasafn KSÍ

Ómar Smárason, Erna Guðmundsdóttir, Villborg Jónsdóttir og Guðni Bergsson.



KSÍ fékk viðurkenningu frá UEFA fyrir háttvísi íslenskra landsliða og félagsliða

KSÍ fékk viðurkenningu frá UEFA fyrir háttvísi íslenskra landsliða og félagsliða í keppnum á vegum sambandsins tímabilið 1. júlí 2016 – 30. júní 2017. Þrjú lönd fengu verðlaunin og fékk hvert þeirra 50 þúsund evrur í styrk frá UEFA til að styrkja svokölluð „fair play“ verkefni.

Úthlutað til 15 verkefna úr mannvirkjasjóði

Stjórn KSÍ samþykkti á fundi sínum 13. apríl úthlutun úr mannvirkjasjóði KSÍ. Þetta var í ellefta skiptið sem úthlutað er úr honum, en ný reglugerð um sjóðinn tók gildi í byrjun árs 2012. Alls var úthlutað til 15 verkefna, samtals 50 milljónir. Í samræmi við reglugerð um sjóðinn njóta forgangs þær umsóknir sem miða að því að uppfylla kröfur vegna leyfiskerfis KSÍ. Vilyrði fyrir styrk þarf að endurnýja fyrir þau verkefni sem ekki hefjast á árinu.

KSÍ kolefnisjafnar ferð landsliðsins til Rússlands

Knattspyrnusamband Íslands ákvað að kolefnisjafna ferð karlalandsliðsins og aðstoðarmanna þess á HM í Rússlandi í samstarfi við Votlendissjóðinn. Birna Sigrún Hallsdóttir, umhverfisverkfræðingur hjá Umhverfisráðgjöf Íslands ehf. (Environice), átti hugmyndina að kolefnisjöfnun HM-ferðarinnar, en hún hefur reiknað út þá losun gróðurhúsalofttegunda sem fyrirsjáanlega myndi eiga sér stað vegna flugs og aksturs knattspyrnulandsliðsins í Rússlandsferðinni. Samkvæmt þessum útreikningum mun heildarlosunin hafa samsvarað 50-60 tonnum af koldíoxíði.

Þessi losun samsvarar árlegri losun frá u.p.b. þremur hekturum af framræstu votlendi og því hefur KSÍ samið við nýstofnaðan Votlendissjóð um að endurheimta samsvarandi flatarmál. Embætti forseta Íslands hefur stutt myndarlega við þessa viðleitni með því að leggja til votlendi í landi Bessastaða, sem framræst var með skurðgreftri um miðja síðustu öld.

Guns N' Roses héldu tónleika á Laugardalsvelli

Hin gamalkunna hljómsveit Guns N' Roses hélt stór-

tónleika á Laugardalsvelli í júlí. Tónleikarnir voru afar vel sóttir og greinilegt að tónleikahald heimsþekkra listamanna á Laugardalsvelli er raunhæfur möguleiki til framtíðar.

FC Sækó fær verðlaun fyrir besta grasrótarverkefni ársins 2018 hjá UEFA

FC Sækó fékk verðlaun frá UEFA í floknum „Besta grasrótarverkefnið“ á Grasrótarverðlaunum UEFA 2018. Í tilkynningu UEFA sagði að FC Sækó spili mikilvægt samfélagslegt hlutverk á Íslandi með því að bæta andlega og líkamlega heilsu fólks. Þetta gerir félagið með því að gefa fólki tækifæri til að hitta aðra, spila knattspyrnu, og það sem er mikilvægast, skemmta sér við það að deila gleðinni sem hinn fallegi leikur framkallar.

Hópur frá eyjunni Dóminíku í starfsnámi hjá KSÍ og Breiðablik


Í október komu hingað til lands fjórir þjálfarar og framkvæmdastjóri frá karabísku eyjunni Dóminíku í starfsnámi hjá KSÍ og Breiðabliki. Forsagan er sú að öflugur fellibylur skók eyjuna í fyrra og varð töluverð eyðilegging og mannfall. UEFA veitti knattspyrnusambandi Dóminíku fjárhagslegan styrk til uppbyggingar knattspyrnunnar á eyjunni og var ákveðið að senda hóp til Íslands til að fræðast um uppbyggingu og skipulag knattspyrnu hér á landi.

Gylfi Þór og Sara Björk knattspyrnufólk ársins 2017

Leikmannaval KSÍ valdi Gylfa Þór Sigurðsson og Söru Björk Gunnarsdóttur knattspyrnufólk ársins 2018. Þetta var í 15. sinn sem knattspyrnufólk ársins var sérstaklega útnefnt af KSÍ og voru það fjölmargir aðilar, m.a. fyrrverandi landsliðsmenn, þjálfarar og forystufólk í knattspyrnuhreyfingunni sem völdu.

Knattspyrnukona ársins

Sara Björk Gunnarsdóttir er einn af mikilvægustu leikmönnum Wolfsburg og vann þar bæði deild og bikar á síðastliðnu tímabili, annað árið í röð. Á yfirstandandi tímabili hefur liðið ekki enn tapað leik, unnið ellefu og gert eitt jafntefli og situr í efsta sæti með fimm stiga forskot. Liðið komst alla leið í úrslit Meistaradeildarinnar en tapaði þar fyrir Lyon. Sara Björk hefur leikið átta leiki á yfirstandandi leiktímabili



og skorað í þeim eitt mark. Hún er fyrirliði íslenska landsliðsins og á árinu lék hún átta leiki með liðinu.

Knattspyrnumaður ársins

Gylfi Þór Sigurðsson átti að venju mjög gott tímabil, en hann hefur verið ein af driffjöðrum sóknarleiks Everton. Liðið endaði í 8. sæti á síðastliðnu tímabili þar sem Gylfi lék 27 leiki, skoraði fjögur mörk og átti þrjár stoðsendingar. Fyrir Everton hefur hann leikið 21 leik á yfirstandandi leiktímabili, skorað átta mörk og átt þrjár stoðsendingar. Gylfi var lykilmaður í landsliði Íslands þegar það tók þátt í lokakeppni HM í fyrsta skipti í sögunni, en þar lék hann alla leiki liðsins og skoraði mark Íslands í leiknum gegn Króatíu. Í

Þjóðadeild UEFA lék hann þrjá af fjórum leikjum liðsins.


Sara Björk Gunnarsdóttir kjörin Íþróttamaður ársins 2018

Sara Björk Gunnarsdóttir var valin Íþróttamaður ársins 2017 af samtökum íþróttafréttamanna, en þetta er í fyrsta sinn sem Sara Björk hlýtur verðlaunin. Hún er aðeins sjöunda konan af alls 63 einstaklingum sem hafa hlotið verðlaunin. Hún er vel að verðlaununum komin enda lék hún frábærlega á árinu, hvort sem það var með Wolfsburg eða íslenska landsliðinu. Til hamingju Sara Björk!




Mynd: Myndaasafn KSI

Mynd: Myndaasafn KSI



Mýnd: Myndasafn KSI



138 beinar útsendingar

Alls var sýnt beint frá 138 leikjum í mótum ársins 2018 og er það á svipuðu róli og árið 2017 þegar 137 beinar útsendingar voru.

Beinar útsendingar frá Pepsi-deild karla á Stöð 2 Sport voru 66 talsins, en árið á undan var sýnt frá 73 leikjum.

Í Pepsi-deild kvenna voru 18 leikir í beinni útsendingu, en voru 19 árið 2017. Alls var 21 leikur sýndur beint frá Inkasso-deild karla og 11 leikir frá Lengjubikar karla. Stöð 2 Sport sýndi beint frá alls níu leikjum í Mjólkurbikar karla, sem eru jafn margir og 2017.

Fimm leikir voru sýndir beint frá Mjólkurbikar kvenna, en er það fjölgun um þrjú leiki frá síðasta ári. Stöð 2 Sport sýndi einnig frá leikjum íslenskra liða í Evrópu-deildinni og Meistaradeild Evrópu.

Efsta deild karla

Ár	Beinar útsendingar
2018	66
2017	73
2016	72
2015	27
2014	29
2013	26
2012	25
2011	25

Efsta deild kvenna

Ár	Beinar útsendingar
2018	18
2017	19
2016	20
2015	19
2014	24
2013	18
2012	17
2011	23

Inkasso-deildin

Ár	Beinar útsendingar
2018	21
2017	22
2016	22
2015	26
2014	27
2013	19
2012	22
2011	0

Tæplega þrjú mörk í leik

Í Pepsi-deild karla síðastliðið sumar voru skorud 390 mörk í leikjunum 132 eða rétt tæplega þrjú mörk í leik, sem er þrettán mörkum færri en árið 2017.


Meðaltal marka í efstu deild karla

Ár	Meðaltal
2018	3,0
2017	3,0
2016	2,7
2015	2,9
2014	3,0
2013	3,1
2012	3,2

Mörkunum í Pepsi-deild kvenna fjölgaði lítillega á milli ára. Árið 2018 var skorað 291 mark í leikjunum 90, sjö fleiri en árið 2017.

Meðaltal marka í efstu deild kvenna

Ár	Meðaltal
2018	3,2
2017	3,0
2016	2,9
2015	3,6
2014	3,5
2013	3,8
2012	4,1



EJÁRMÁL



Það helsta frá 2018

118 milljónir króna til barna- og unglingsstarfs

Hluti þeirra tekna sem UEFA hafði af Meistaradeildinni keppnistímabilið 2017/2018 rann til félaga í öllum aðildarlöndum UEFA til eflingar knattspyrnu barna- og unglings. Uppgjör vegna Meistaradeildarinnar sem lauk vorið 2018 fór fram um haustið og fengu félög í Pepsi-deild karla um 64 milljónir króna í sinn hlut til barna- og unglingsstarfs.

Stjórn KSÍ samþykkti að leggja til um 60,5 milljónir króna til viðbótar til barna- og unglingsstarfs sem skiptist á milli aðildarfélaga í öðrum deildum og utan deilda. Skipting á framlagi til barna- og unglingsstarfs var þá með þeim hætti að félög úr Pepsi-deild karla fengu 5.300.000 kr., félög úr Pepsi-deild kvenna og Inkasso-deildum karla og kvenna fengu 2.400.000 kr., félög úr 2. deild karla fengu 1.500.000 kr., en önnur félög í deildarkeppni og sameiginleg lið í efri deildum fengu 1.000.000 kr.

Úthlutun var háð því að félög hefðu haldið úti starfsemi í yngri flokkum og urðu félög utan deildarkeppni og félög sem ekki héldu úti starfsemi hjá báðum kynjum að sækja sérstaklega um framlag. Samtals var því framlag til barna- og unglingsstarfs fyrir árið 2018 118 milljónir króna.

173,3 milljónir fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi

Félög í Pepsi-deildum, Inkasso-deild og Mjólkurbikar fengu sérstakar greiðslur fyrir sjónvarpsréttindi, að upphæð samtals um 173,3 milljónir króna. Innifalið í þessari tölu er verðlaunafé samkvæmt töflunni hér fyrir aftan.

Pepsi-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Valur	1.000.000
2	Breiðablik	700.000
3	Stjarnan	500.000


4	KR	300.000
5	FH	300.000
6	ÍBV	300.000
7	KA	300.000
8	Fylkir	300.000
9	Víkingur R.	200.000
10	Grindavík	200.000
11	Fjölnir	200.000
12	Keflavík	200.000

Pepsi-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	Þór/KA	700.000
3	Stjarnan	500.000
4	Valur	300.000
5	ÍBV	300.000
6	Selfoss	300.000
7	HK/Víkingur	300.000
8	KR	300.000
9	Grindavík	200.000
10	FH	200.000

Mjólkurbikar karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	Stjarnan	1.000.000
2	Breiðablik	500.000
3-4	Víkingur Ó.	300.000
3-4	FH	300.000
5-8	Víkingur R.	200.000
5-8	Þór	200.000
5-8	Valur	200.000
5-8	ÍA	200.000
9-16	Kári	137.500
9-16	KA	137.500
9-16	Grindavík	137.500
9-16	Próttur R.	137.500
9-16	KR	137.500
9-16	Fram	137.500
9-16	Fjölnir	137.500
9-16	ÍBV	137.500



Mjólkurbikar kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Breiðablik	1.000.000
2	Stjarnan	500.000
3-4	Valur	300.000
3-4	Fylkir	300.000

Inkasso-deild karla

Sæti	Félag	Upphæð
1	ÍA	1.000.000
2	HK	700.000
3	Þór	500.000
4	Víkingur Ó.	300.000
5	Þróttur R.	300.000
6	Njarðvík	300.000
7	Leiknir R.	300.000
8	Haukar	300.000
9	Fram	200.000
10	Magni	200.000
11	ÍR	200.000
12	Selfoss	200.000

Inkasso-deild kvenna

Sæti	Félag	Upphæð
1	Fylkir	1.000.000
2	Keflavík	700.000
3	ÍA	500.000
4	Þróttur R.	300.000
5	Haukar	300.000
6	Fjölnir	300.000
7	Afturelding/Fram	300.000
8	ÍR	300.000
9	Hamrarnir	200.000
10	Sindri	200.000

Lengjubikar

A-deild karla	Valur	500.000
B-deild karla	Völsungur	300.000
C-deild karla	Ýmir	200.000
A-deild kvenna	Þór/KA	500.000
B-deild kvenna	Fylkir	300.000
C-deild kvenna	Keflavík	200.000

Um 329 milljónir vegna þátttöku í UEFA keppnum

Valur fékk um 139 milljónir (1.080.000 evrur) fyrir Íslandsmeistaratitilinn, þátttöku í undankeppni Meistaradeildar Evrópu (UEFA Champions League) og undankeppni Evrópudeildarinnar (UEFA Europa League). FH, ÍBV og Stjarnan léku í forkeppni Evrópudeildar UEFA. FH fékk í sinn hlut um 64,5 milljónir (500.000 evrur), ÍBV 31 milljónir (240.000 evrur) og Stjarnan 64,5 milljónir (500.000 evrur).


Þór/KA fékk 7,7 milljónir króna (57.000 evrur) vegna þátttöku í Meistaradeild kvenna (UEFA Women's Champions League). KR tók þátt í Unglingadeild UEFA (UEFA Youth League) og fékk styrk frá UEFA að upphæð 3,5 milljónir króna (25.000 evrur). Að lokum skal þess getið að FH, Valur, KR og Stjarnan fengu hlutdeild í tekjum sem voru umfram áætlun vegna Evrópumóta 2016/2017. FH fékk tæpar 10 milljónir (70.740 evrur), Valur og KR fengu um 3,5 milljónir hvort (25.010 evrur) og Stjarnan 1,7 milljónir (12.220 evrur). Þetta voru því alls um 18,7 milljónir króna.

Greiðslur vegna þátttöku leikmanna á HM

Valur og Víkingur R. fengu greiðslur frá FIFA vegna þátttöku Birkis Más Sævarssonar og Kára Árnasonar á HM í Rússlandi. Valur fékk 118.860 dollara og Víkingur R. 79.240 dollara.

Ferðapáttökugjald

Félög sem taka þátt í Íslandsmóti meistaraflokks greiða kílómetragjald sem reiknað er af mótanefnd KSÍ árlega við upphaf keppnistímabils, skv. vegalengd milli leikstaða fyrir hverja deild fyrir sig og hvern riðil fyrir sig. Upphæðin er nettókostnaður á hvert félag fyrir sig. Félög sem eignast inneign komast hjá greiðslu gjaldsins, en þau skulu fá inneign greidda skv. útreikningum mótanefndar. Sett var bráðabirgðaákvæði fyrir keppnistímabilið 2018 sem sagði til um að þau félög sem þyrftu að greiða gjaldið



greiddu að hámarki 75.000 kr. á lið. KSÍ lagði svo til það fjármagn sem upp á vantaði. Alls voru greiddar til félaga tæpar 12,6 milljónir króna, um 5,1 milljón var greidd af aðildarfélögum, en KSÍ lagði fram 7,5 milljónir. Hér á næstu síðu má sjá lista yfir þau félög sem fengu greitt vegna ferðakostnaðar.

Pepsi-deild karla

KA	1.333.600
ÍBV	454.800
Samtals	1.788.400

Inkasso-deild karla

Magni	988.600
Þór	850.600
Víkingur Ó.	313.000
Samtals	2.152.200

2. deild karla

Vestri	858.333
Fjarðabyggð	212.333
Huginn	179.533
Leiknir F.	167.133
Höttur	47.933
Samtals	1.298.132

3. deild karla

Einherji	770.640
Sindri	526.640
Dalvík/Reynir	229.040
KF	221.440
Samtals	1.747.760

4. deild karla

Geisli A.	628.286
Hörður	394.050
Snæfell	317.200
KFS	227.750
KFR	124.400
Kormákur/Hvöt	92.286
GG	42.150
Reynir S.	40.050

Skallagrímur	25.650
Árborg	21.350
Samtals	1.913.172

Pepsi-deild kvenna

Þór/KA	1.030.480
ÍBV	288.480
Samtals	1.318.960

Inkasso-deild kvenna

Sindri	1.037.120
Hamrarnir	787.120
Samtals	1.824.240

2. deild kvenna

Völsungur	242.100
Tindastóll	72.900
Augnablik	39.700
Álftanes	39.700
Fjarðabyggð/Höttur/Leiknir	31.700
Samtals	426.100

Rekstur í jafnvægi

Rekstur KSÍ á árinu 2018 var hagstæðari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Rekstrartekjur sambandsins námu 2.431 mkr., en áætlun gerði ráð fyrir 2.419 mkr. Rekstrarkostnaður KSÍ var undir áætlun, eða 1.929 mkr, en áætlun gerði ráð fyrir 2.014 mkr. Rekstrarhagnaður ársins fyrir fjármagnsliði og ráðstöfun til aðildarfélaga nam 502 mkr. Á árinu ráðstafaði KSÍ 331 mkr. beint til aðildarfélaga, vegna HM karla í Rússlandi, styrkja til barna- og unglingastarfs, leyfiskerfis, mannvirkja o.fl. Eigið fé KSÍ var 746 mkr. í árslok 2018. Fjárhagsnefnd KSÍ hefur, við gerð fjárhagsáætlunar fyrir 2019, unnið að rekstraráætlun fyrir árin 2020 til 2022 til glöggvunar á rekstrargrunni næstu ára. Fjárhagsáætlun 2019 tekur mið af því umfangi sem reksturinn getur borið til næstu fjögurra ára. Fjárhagsstaða KSÍ er traust og reksturinn í jafnvægi.

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2018

Knattspyrnusamband Íslands
Laugardalsvelli
104 Reykjavík
kt. 700169-3679

Knattspyrnusamband Íslands

Ársreikningur samstæðu

2018

Efnisyfirlit

Áritun óháðra endurskoðenda og skoðunarmanna	2-3
Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Yfirlit um sjóðstreymi	7
Skýringar	8-13
Sundurliðanir	14-15

Áritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar Knattspyrnusambands Íslands

Álit

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Knattspyrnusambands Íslands fyrir árið 2018. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sambandsins á árinu 2018, efnahag þess 31. desember 2018 og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð endurskoðanda hér að neðan. Við erum óháð Knattspyrnusambandi Íslands í samræmi við settar siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum við uppfyllt ákvæði þeirra. Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Aðrar upplýsingar

Stjórnendur bera ábyrgð á öðrum upplýsingum. Aðrar upplýsingar eru ársskýrsla Knattspyrnusambands Íslands að undanskildum samstæðuársreikningi og áritun endurskoðenda.

Álit okkar á ársreikningnum nær ekki yfir aðrar upplýsingar og við látum ekki í ljós staðfestingu eða ályktun, í neinu formi, vegna þeirra.

Í tengslum við endurskoðun okkar, berum við ábyrgð á að lesa ofangreindar aðrar upplýsingar og hugleiða hvort þær séu í verulegu ósamræmi við ársreikninginn eða þá þekkingu sem við höfum aflað við endurskoðunina, eða virðast að öðru leyti innifela verulegar skekkjur.

Ef við komumst að þeirri niðurstöðu, byggt á þeirri vinnu sem við höfum framkvæmt, að verulegar skekkjur séu í öðrum upplýsingum ber okkur að skýra frá því. Það er ekkert sem við þurfum að skýra frá hvað þetta varðar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á samstæðuársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð samstæðuársreiknings eru stjórn og framkvæmdastjóri ábyrg fyrir því að meta rekstrarhæfi Knattspyrnusambands Íslands. Ef við á, skulu stjórn og framkvæmdastjóri setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendunni um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, nema stjórn og framkvæmdastjóri hafi ákveðið að leysa félagið upp eða hætta starfsemi, eða hafi enga aðra raunhæfa möguleika.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun samstæðuársreikningsins

Markmið okkar er að afla nægjanlegrar vissu um að samstæðuársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit okkar.

Nægjanleg víska er þó ekki trygging þess að endurskoðun framkvæmd í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Áritun óháðra endurskoðenda

Endurskoðun okkar í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla byggir á faglegri dómgreind og beitum við gagnrýnni hugsun við endurskoðunina. Við framkvæmum einnig eftirfarandi:

- Greinum og metum hættuna á verulegri skekkju í samstæðuársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, hönnum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeim hættum og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, skjalafals, misvísandi framsetningu samstæðuársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá innri eftirlitsaðgerðum.
- Öflum skilnings á innra eftirliti, sem snertir endurskoðunina, í þeim tilgangi að hanna viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að veita álit á virkni innra eftirlits sambandsins.
- Metum hvort reikningsskilaaðferðir sem notaðar eru, og tengdar skýringar, séu viðeigandi og hvort reikningshaldslegt mat stjórnenda sé raunhæft.
- Ályktum um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og metum á grundvelli endurskoðunarinnar hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum samstæðuársreikningsins í áritun okkar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þurfum við að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Engu að síður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi sambandsins.
- Metum í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metum framsetningu, uppbyggingu, innihald og þar með talið skýringar við ársreikninginn með tilliti til glöggrar myndar.

Við upplýsum stjórn og framkvæmdastjóra meðal annars um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem komu upp í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirlit sem komu fram í endurskoðuninni, ef við á.

Reykjavík, 1. febrúar 2019

Deloitte ehf.


Birna María Sigurðardóttir,
endurskoðandi



Kristján Þór Ragnarsson,
endurskoðandi

Kjörnir skoðunarmenn Knattspyrnusambands Íslands

Eggert Steingrímsson



Þór Simon Ragnarsson



Áritun stjórnenda og framkvæmdastjóra


Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum innan Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli. Fjöldi ársverka á reikningsárinu á skrifstofu voru 18.

Hagnaður samstæðu Knattspyrnusambands Íslands á árinu 2018 nam um 207,2 m.kr. Samkvæmt efnahagsreikningi samstæðunnar nema eignir um 1.346,8 m.kr. og bókfært eigið fé í árslok er um 746,5 m.kr.

Að álitum stjórnenda og framkvæmdastjóra Knattspyrnusambands Íslands koma fram í samstæðuársreikningi þessum allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu samstæðunnar í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun á árinu. Formaður, gjaldkeri, og framkvæmdastjóri KSÍ staðfesta hér með samstæðuársreikning KSÍ fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Reykjavík, 1. febrúar 2019


Stjórnendur og framkvæmdastjóri



Guðni Bergsson
formaður



Borghildur Sigurðardóttir
gjaldkeri



Klara Bjartmarz
framkvæmdastjóri

Rekstrarreikningur ársins 2018

	Skýr.	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2017
Styrkir og framlög		1.804.905.364	1.749.810.000	751.959.972
Tekjur af landsleikjum		249.097.883	190.450.000	197.822.558
Sjónvarpsréttur		265.943.880	377.000.000	304.036.750
Aðrar tekjur		61.128.150	36.800.000	61.602.101
Rekstrartekjur Laugardalsvallar	12	50.228.445	65.000.000	64.189.270
		<u>2.431.303.722</u>	<u>2.419.060.000</u>	<u>1.379.610.651</u>
Kostnaður við landslið		(1.259.567.344)	(1.348.518.198)	(637.126.712)
Mótakostnaður		(210.566.627)	(195.500.000)	(167.294.963)
Fræðslukostnaður		(45.116.623)	(48.800.000)	(42.885.738)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(264.714.725)	(279.690.000)	(284.484.493)
Húsnæðiskostnaður		(25.705.434)	(29.900.000)	(22.989.778)
Annar rekstrarkostnaður		(13.512.567)	(7.000.000)	(21.449.502)
Rekstrargjöld Laugardalsvallar	12	(83.560.717)	(78.000.000)	(76.040.723)
Afskriftir fastafjármuna	6	(26.258.043)	(26.700.000)	(26.729.460)
		<u>(1.929.002.080)</u>	<u>(2.014.108.198)</u>	<u>(1.279.001.369)</u>
Rekstrarhagnaður		502.301.642	404.951.802	100.609.282
Styrkir vegna mannvirkjasjóðs		40.000.000	50.000.000	52.100.000
Kostnaður vegna mannvirkjasjóðs		(40.000.000)	(50.000.000)	(52.100.000)
Fjármunatekjur	4	25.078.128	15.000.000	15.654.333
Fjármagnsgjöld	5	(7.085.307)	(4.500.000)	(6.299.375)
Gengismunur		18.073.883	0	18.102.137
Hagnaður fyrir ráðstöfun til aðildarfélaga		538.368.346	415.451.802	128.066.377
Ráðstöfun til aðildarfélaga	13	(331.171.706)	(330.000.000)	(127.641.897)
Hagnaður ársins		<u>207.196.640</u>	<u>85.451.802</u>	<u>424.480</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

Eignir	Skýr.	31.12.2018	31.12.2017
Fastafjármunir	6		
Varanlegir rekstrarfjármunir		334.714.265	313.101.035
		<u>334.714.265</u>	<u>313.101.035</u>
Veltufjármunir	7		
Viðskiptakröfur		159.972.156	146.464.948
Aðrar skammtímakröfur		1.429.904	2.332.221
Handbært fé		850.681.792	684.001.063
		<u>1.012.083.852</u>	<u>832.798.232</u>
Eignir		<u>1.346.798.117</u>	<u>1.145.899.267</u>
Eigið fé	8		
Óráðstafað eigið fé		746.455.284	539.258.644
Eigið fé		<u>746.455.284</u>	<u>539.258.644</u>
Langtímaskuldir og skuldbindingar			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	37.450.151	110.905.364
		<u>37.450.151</u>	<u>110.905.364</u>
Skammtímaskuldir			
Fyrirframinnheimtar tekjur	9	240.933.907	359.495.762
Viðskiptaskuldir	10	113.371.845	42.145.038
Aðrar skammtímaskuldir	10	208.586.930	94.094.459
		<u>562.892.682</u>	<u>495.735.259</u>
Skuldir		<u>600.342.833</u>	<u>606.640.623</u>
Eigið fé og skuldir		<u>1.346.798.117</u>	<u>1.145.899.267</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarhagnaður		502.301.642	100.609.282
Afskriftir	6	26.258.043	26.729.460
Veltufé frá rekstri án vaxta og skatta		528.559.685	127.338.742
Rekstrartengdar eignir, hækkun		(12.604.891)	(53.004.909)
Rekstrartengdar skuldir, (lækkun) hækkun		(6.297.790)	117.570.700
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta		509.657.004	191.904.533
Innborgaðar vaxtatekjur og gengismunur	4	43.152.011	33.756.470
Greidd vaxtagjöld, gengism. og fjármagnstekjuskattur	5	(7.085.307)	(6.299.375)
Handbært fé frá rekstri		545.723.708	219.361.628
Fjárfestingahreyfingar			
Keyptir varanlegir rekstrarfjármunir	6	(47.871.273)	(29.318.774)
		(47.871.273)	(29.318.774)
Fjármögnunarhreyfingar			
Ráðstöfun til aðildarféлага	13	(331.171.706)	(127.641.897)
		(331.171.706)	(127.641.897)
Hækkun handbærs fjár		166.680.729	62.400.957
Handbært fé í upphafi árs		684.001.063	621.600.106
Handbært fé í lok árs		850.681.792	684.001.063

Skýringar

1. Starfsemi

Knattspyrnusamband Íslands (hér eftir nefnt KSÍ) eru heildarsamtök knattspyrnufélaga á Íslandi og er eitt af sérsamböndum Íþróttasambands Íslands. KSÍ er aðili að alþjóðaknattspyrnusambandinu FIFA og Knattspyrnsambandi Evrópu UEFA. KSÍ og tengdir aðilar eru öll með aðsetur á Laugardalsvelli.

2. Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur KSÍ fyrir árið 2018 er gerður í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Eftirfarandi er samantekt á helstu reikningsskilaaðferðum sambandsins.

Mat og ákvarðanir

Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi, upplýsingar í skýringum og tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.

Samstæða

Ársreikningur KSÍ samstæðunnar tekur til ársreikninga KSÍ, KSÍ ehf., KSÍ-íslensk knattspyrna ehf. og KSÍ-Laugardalsvallar.

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna.

Áhættustjórnun

Engir framvirkir gjaldeyrisskiptasamningar, valréttir eða afleiðusamningar eru við lýði hjá KSÍ.

Skráning tekna

Tekjur eru færðar þegar til þeirra hefur verið unnið í samræmi við lög um ársreikninga á Íslandi. Hluti tekna KSÍ hafa verið greiddur fyrirfram og eru tekjurnar innleystar í rekstrarreikningi á því tímabili sem þær tilheyra.

Vaxtatekjur eru færðar fyrir viðkomandi tímabil í samræmi við viðeigandi höfuðstól og vaxtaþrósentu.

Erlendir gjaldmiðlar

Viðskipti í erlendum gjaldmiðlum eru færð á gildandi gengi þess dags sem viðskiptin fara fram. Peningalegar eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru færðar miðað við gengi í lok reikningsskiladags. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2018	2017	31.12.2018	31.12.2017
Evra (EUR)	127,73	120,54	133,23	125,05
Bandaríkjadalur (USD)	108,38	106,78	116,33	104,42

Skýringar

2. Reikningskilaaðferðir (framhald)

Fjármagnskostnaður

Allur fjármagnskostnaður er færður í rekstrarreikning á því tímabili sem hann fellur til.

Varanlegir rekstrarfjármunir

Eignir eru skráðar meðal varanlegra rekstrarfjármuna þegar líklegt er að hagrænn ávinningur tengdur eigninni muni nýtast félaginu og hægt er að meta kostnað vegna eignarinnar með áreiðanlegum hætti. Varanlegir rekstrarfjármunir eru upphaflega skráðir á kostnaðarverði, nema skrifstofur og fræðslusetur KSÍ en þar eru styrkir sem KSÍ fékk vegna byggingarinnar dregnir frá kostnaðarverði. Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum beinum kostnaði við að koma eigninni í tekjuhæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti af kostnaðarverði miðað við eignarhaldstíma á árinu að teknu tilliti til væntanlegs hrakvirðis.

Hagnaður eða tap vegna sölu eigna er mismunur söluverðs og bókfærðs verðs eigna á söludegi.

Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu og gengismunar. Niðurfærslan er ekki endanleg afskrift heldur er myndaður mótreikningur til að mæta hugsanlegu tapi sem kann að myndast í framtíðinni.

Viðskiptaskuldir

Viðskiptaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til gengismunar.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru færðar upp í efnahagsreikningi ef líklegt þykir að sambandið verði fyrir fjárhagslegum útgjöldum í framtíðinni vegna tiltekins atburðar eða viðskipta og hægt er að meta fjárhæð hennar með áreiðanlegum hætti.

3. Laun og launatengd gjöld skrifstofu

	2018	2017
Laun	146.039.822	143.051.112
Mótframlag í lífeyrissjóð	19.315.139	15.745.826
Önnur launatengd gjöld	18.468.068	31.989.864
	<u>183.823.029</u>	<u>190.786.802</u>

Laun og bifreiðastyrkur til formanns námu um 17,4 m.kr. og til framkvæmdastjóra um 15,9 m.kr.

Ársverk að meðaltali	18	18
----------------------------	----	----

4. Fjármunatekjur

	2018	2017
Vaxtatekjur	25.078.128	15.654.333
	<u>25.078.128</u>	<u>15.654.333</u>

Skýringar

5. Fjármagnsgjöld

	2018	2017
Fjármagnstekjuskattur af vöxtum	(2.927.213)	(9.072.742)
Vaxtagjöld og bankakostnaður	(4.158.094)	2.773.367
	<u>(7.085.307)</u>	<u>(6.299.375)</u>

6. Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

	Skrifstofur og fræðslusetur	Bifreiðar	Áhöld, tæki og innréttingar	Samtals
Kostnaðarverð				
Staða í ársbyrjun	260.088.579	11.412.309	218.828.777	490.329.665
Eignfært á árinu	0	0	47.871.273	47.871.273
Staða í árslok	<u>260.088.579</u>	<u>11.412.309</u>	<u>266.700.050</u>	<u>538.200.938</u>
Afskriftir				
Staða í ársbyrjun	29.537.573	10.719.848	136.971.208	177.228.629
Afskrift ársins	<u>2.600.885</u>	<u>692.461</u>	<u>22.964.697</u>	<u>26.258.043</u>
Staða í árslok	<u>32.138.458</u>	<u>11.412.309</u>	<u>159.935.905</u>	<u>203.486.672</u>
Bókfært verð				
Bókfært verð í ársbyrjun	<u>230.551.006</u>	<u>692.461</u>	<u>81.857.569</u>	<u>313.101.035</u>
Bókfært verð í árslok	<u>227.950.121</u>	<u>0</u>	<u>106.764.145</u>	<u>334.714.265</u>
Afskriftarhlutföll	1%	20%	0-35%	
Fasteignamat og vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:			Fasteignamat	Vátrygginga- mat
Skrifstofur og fræðslusetur			<u>280.450.000</u>	<u>579.000.000</u>

7. Aðrar peningalegar eignir

Viðskiptakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptakröfur	89.080.825	45.204.816
Erlendar viðskiptakröfur	72.576.331	101.260.132
Niðurfærsla vegna krafna sem kunna að tapast	(1.685.000)	0
	<u>159.972.156</u>	<u>146.464.948</u>

Aðrar skammtímakröfur

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiddur kostnaður	1.073.543	0
Aðrar kröfur	<u>356.361</u>	<u>2.332.221</u>
	<u>1.429.904</u>	<u>2.332.221</u>

Skýringar

7. Aðrar peningalegar eignir (framhald)

Handbært fé

Handbært fé samanstendur af bankainnstæðum

	31.12.2018	31.12.2017
Bankainnstæður í íslenskum krónum	769.821.193	618.854.235
Bankainnstæður í erlendri mynt	79.655.967	64.285.025
Sjóður	1.204.632	861.803
	<u>850.681.792</u>	<u>684.001.063</u>

8. Eigið fé

Óráðstafað eigið fé greinist þannig:

	Fjárhæð
Staða 1.1.2017	538.834.165
Hagnaður ársins 2017	424.480
Staða 1.1.2018	539.258.644
Hagnaður ársins 2018	207.196.640
	<u>746.455.284</u>

9. Fyrirframinnheimtar tekjur

KSÍ gerði samning um sjónvarpsrétt við 365 árið 2016 sem gildir til 2021.

UEFA greiddi KSÍ á árinu 2016 fyrirfram 1,2 milljónir evra sem tekjufærðar eru með jöfnum hætti fram til ársins 2020.

Fyrirframinnheimtar tekjur sundurliðast með eftirfarandi hætti

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframgreiðslur vegna sölu á sjónvarpsrétti og öðrum réttindum	15.000.000	20.000.000
Fyrirframinnheimtar tekjur UEFA/FIFA	263.384.058	450.401.127
Tekjur 2019/2018 vegna sjónvarpsréttar og UEFA/FIFA framlaga	(240.933.907)	(359.495.763)
Fyrirframinnheimtar tekjur, langtímaluti í árslok	<u>37.450.151</u>	<u>110.905.364</u>

10. Aðrar peningalegar skuldir

Viðskiptaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Innlendar viðskiptaskuldir	101.071.920	36.902.788
Erlendar viðskiptaskuldir	12.299.925	5.242.250
	<u>113.371.845</u>	<u>42.145.038</u>

Skýringar

10. Aðrar peningalegar skuldir (framhald)

Aðrar skammtímaskuldir

	31.12.2018	31.12.2017
Fyrirframinnheimtar miðasölutekjur	3.462.529	0
Laun og launatengd gjöld	203.361.078	91.914.141
Aðrar skuldir	1.763.323	2.180.318
	<u>208.586.930</u>	<u>94.094.459</u>

11. Gjaldmiðlaáhætta

KSÍ býr við gjaldmiðlaáhattu vegna erlendra viðskiptakrafna, handbærs fjár í erlendum gjaldmiðlum og viðskiptaskulda í erlendum gjaldmiðlum.

Bókfært verð eigna og skulda sem háðar eru gengisáhattu greinist þannig:

	31.12.2018	31.12.2017
Viðskiptakröfur	72.576.331	101.260.132
Bankainnstæður	79.655.967	64.285.025
Viðskiptaskuldir	(12.299.925)	(5.242.250)
	<u>139.932.373</u>	<u>160.302.907</u>

12. Laugardalsvöllur

Rekstrartekjur og -gjöld Laugardalsvallar eru sýnd sérstaklega og greind frá öðrum rekstrartekjum og -gjöldum samstæðunnar, að afskriftum undanskildum. Aðrir rekstrarliðir og efnahagsliðir eru færðir meðal sambærilegra liða í samstæðureikningnum. Viðskiptum innan samstæðu er eytt út við gerð samstæðureiknings. Rekstrarreikningur Laugardalsvallar sundurliðast á eftirfarandi hátt.

	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2017
Framlög og styrkir	44.542.464	52.100.000	46.648.644
Tekjur af leikjum og mótum	13.400.000	12.900.000	15.400.000
Aðrar tekjur	2.785.981	0	3.631.741
Laun og tengd gjöld	(35.435.044)	(33.200.000)	(33.051.815)
Rekstur mannvirkja	(30.514.573)	(28.600.000)	(26.076.367)
Annar rekstrarkostnaður	(17.611.100)	(14.200.000)	(16.912.541)
Afskriftir	(2.684.281)	(2.000.000)	(2.059.317)
Fjármunatekjur	100.323	0	142.286
Fjármagnsgjöld	(89.409)	0	(88.758)
Tap ársins	<u>(25.505.639)</u>	<u>(13.000.000)</u>	<u>(12.366.127)</u>
Framlag Reykjavíkurborgar vegna taprekstrar 2007-2013	0	0	11.008.885
Tap ársins	<u>(25.505.639)</u>	<u>(13.000.000)</u>	<u>(1.357.242)</u>

Eigið fé Laugardalsvallar er neikvætt í árslok um 41,7 m.kr. en var í ársbyrjun neikvætt um 16,2 m.kr.

13. Ráðstöfun til aðildarfélaga

Á árinu 2018 greiddi KSÍ um 331,2 m.kr. til aðildarfélaga sinna í samræmi við samþykkt áætlun. Um er að ræða 212,3 m.kr. framlag vegna þátttöku Íslands á HM 2018. Þá greiddi KSÍ 60,4 m.kr. til aðildarfélaga, annarra en þeirra sem léku í Pepsi-deild karla, vegna barna- og unglíngastarfs en félögin í Pepsi-deild karla fengu sambærilegan styrk frá UEFA að upphæð um 64 m.kr. Auk þessa greiddi KSÍ félögum í leyfiskerfinu 29,4 m.kr. og ferðaþátttökugjald og verðlaunafé að fjárhæð um 29,1 m.kr. á árinu.

14. Samningar KSÍ og Reykjavíkurborgar

KSÍ fyrir hönd Laugardalsvallar, gerði þann 13. ágúst 2014 samning við Reykjavíkurborg um rekstur Laugardalsvallar. Samningurinn tók gildi í ársbyrjun 2014 og gildir út árið 2025. Fyrri samningur fellur úr gildi frá og með sama tíma. Framlög Reykjavíkurborgar til rekstrar vallarins nema rúmlega 49,9 m.kr. frá 2014-2016, en rúmlega 44,2 m.kr. frá 2017 og út samningstímamann. Greiðslur taka mið af vísitölu neysluverðs.

15. Samstarfssamningur við ÍTF

KSÍ og Íslenskur toppfótbolti (samtök félaga í efstu deild) undirrituðu yfirlýsingu um samstarf á árinu 2016. Í yfirlýsingunni sem gildir 2016-2021 með endurskoðunarákvæði að loknu tímabilinu 2018, felst m.a. að KSÍ skuldbindur sig til að félögin í efstu deild (auk félaga sem taka þátt í aðalkeppni bikarkeppni KSÍ) fái 140 m.kr. fyrir sjónvarps- og markaðsréttindi af deildarkeppni og bikarkeppni 2017 og hækki um 10 m.kr. hvert ár eftir það út samningstímamann.

16. Samþykki ársreiknings


Ársreikningurinn var samþykktur á fundi með stjórnendum, framkvæmdastjóra og skoðunarmönnum þann 1. febrúar 2019.

Sundurliðanir

	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2017
Styrkir og framlög			
ÍSí	29.227.875	27.100.000	37.306.101
Íslenskar getraunir	5.650.000	6.000.000	5.649.814
UEFA	528.325.272	470.320.000	444.106.787
FIFA	1.079.830.171	1.125.790.000	199.655.061
Ýmsir styrkir	161.872.046	120.600.000	65.242.209
	<u>1.804.905.364</u>	<u>1.749.810.000</u>	<u>751.959.972</u>
Kostnaður við landslið			
A-landslið karla			
Ferðakostnaður	247.661.821	279.108.198	110.968.330
Laun og verktakagreiðslur	485.517.440	556.450.000	114.464.378
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	168.885.806	167.760.000	63.381.606
	<u>902.065.067</u>	<u>1.003.318.198</u>	<u>288.814.314</u>
U-21 landslið karla			
Ferðakostnaður	24.999.533	27.942.500	26.252.565
Laun og verktakagreiðslur	13.012.987	6.491.798	8.544.791
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	9.747.837	11.365.702	5.377.192
	<u>47.760.357</u>	<u>45.800.000</u>	<u>40.174.548</u>
U-19 landslið karla			
Ferðakostnaður	8.098.661	6.100.000	6.228.866
Laun og verktakagreiðslur	13.136.721	11.600.000	10.897.881
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	6.937.262	3.800.000	4.451.480
	<u>28.172.644</u>	<u>21.500.000</u>	<u>21.578.227</u>
U-17 landslið karla			
Ferðakostnaður	20.137.216	16.200.000	11.953.922
Laun og verktakagreiðslur	12.351.384	11.540.324	10.557.182
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	8.998.468	7.859.676	15.066.525
	<u>41.487.068</u>	<u>35.600.000</u>	<u>37.577.629</u>
A-landslið kvenna			
Ferðakostnaður	55.439.248	60.401.113	80.389.925
Laun og verktakagreiðslur	35.536.225	48.848.887	28.217.671
Heimaleikir, æfingar, búnaður, sjúkravörur o.fl.	33.113.464	21.750.000	53.620.836
	<u>124.088.937</u>	<u>131.000.000</u>	<u>162.228.432</u>
U-19 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	14.766.218	12.780.000	7.404.474
Laun og verktakagreiðslur	9.251.444	8.692.605	2.273.202
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	5.950.345	3.527.395	3.706.326
	<u>29.968.007</u>	<u>25.000.000</u>	<u>13.384.002</u>

Sundurliðanir

	Raun 2018	Áætlun 2018	Raun 2017
U-17 landslið kvenna			
Ferðakostnaður	17.736.736	13.510.000	17.227.415
Laun og verktakagreiðslur	12.324.130	11.854.673	11.238.354
Æfingar, búnaður og sjúkravörur	7.963.834	15.935.327	6.374.887
	<u>38.024.700</u>	<u>41.300.000</u>	<u>34.840.656</u>
Hæfileikamótun	<u>23.750.568</u>	<u>17.000.000</u>	<u>18.588.877</u>
Sameiginlegur landsliðskostnaður	<u>24.249.996</u>	<u>28.000.000</u>	<u>19.940.027</u>
Kostnaður við landslið	<u>1.259.567.344</u>	<u>1.348.518.198</u>	<u>637.126.712</u>
Mótakostnaður			
Dómaralaun og launatengd gjöld	138.279.113	131.000.000	116.195.126
Ferðakostnaður dómara	14.742.142	15.000.000	14.660.271
Annar dómarakostnaður	16.913.131	20.000.000	10.057.990
Evrópukeppni félagsliða	5.402.327	4.000.000	3.769.294
Markaðs- og auglýsingakostnaður	9.475.773	0	108.643
Annar mótakostnaður	25.754.141	25.500.000	22.503.639
	<u>210.566.627</u>	<u>195.500.000</u>	<u>167.294.963</u>
Fræðslukostnaður			
Laun og verktakakostnaður	33.206.955	31.706.487	28.438.469
Landshlutaverkefni	2.172.808	6.000.000	1.998.752
Ýmis fræðslukostnaður	9.736.860	11.093.513	12.448.517
	<u>45.116.623</u>	<u>48.800.000</u>	<u>42.885.738</u>
Skrifstofu og stjórnunarkostnaður			
Laun og launatengd gjöld	183.823.029	192.390.000	190.786.802
Sími, internet, pappír, prentun og ritföng	9.649.154	12.400.000	7.816.667
Rekstrarkostnaður tölva og tækja	19.331.154	25.000.000	15.603.854
Aðkeypt sérfræðiaðstoð	17.325.153	17.000.000	17.831.378
Ráðstefnur og fundir innanlands/erlendis	16.696.468	15.000.000	24.075.711
Ársþing	8.587.493	11.000.000	8.157.282
Styrkir, framlög og gjafir	3.838.087	5.500.000	5.576.008
Annar skrifstofu- og stjórnunarkostnaður	5.464.187	1.400.000	14.636.791
	<u>264.714.725</u>	<u>279.690.000</u>	<u>284.484.493</u>
Húsnæðiskostnaður			
Tryggingar	121.848	600.000	578.959
Húsnæðiskostnaður	25.583.586	29.300.000	22.410.819
	<u>25.705.434</u>	<u>29.900.000</u>	<u>22.989.778</u>



www.ksi.is

